

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Laxabakki (áður Öndverðarnes 2, lóð).

Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og byggingarheimilda þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbygginu þjónustu- og aðstöðuhúss sem ætlað er að þjóna þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á lóðinni.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. desember 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Öndverðarnes, Kambshverfi, Hlíðarhólsbraut.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarhólsbraut í Kambshverfi í landi Öndverðarness. Í breytingunni felst að afmörkun lóða norðan Hlíðarhólsbrautar færir nær götu. Með breytingunni er því gert ráð fyrir stækkun lóðanna samhliða því sem afmörkun þeirra breytist.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. október 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. janúar 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 25. janúar 2023